

„Yfirborðið verður sjálft inntakið“

– rætt við Jón Óskar myndlistarmann

Þegar komið er heim til Jóns Óskars myndlistarmanns blasa verk hans við þar sem hann hefur hallað þeim upp að veggjum. Og þó að Jón sé stór þá eru verk hans stærri. Þau eru líklega þrjár metrar á hæð, þau stærstu, og svona tveir, og allt upp í fimm metrar, á breidd.

Jón er á förum til New York á næstunni en þar hefur hann dvalið mestan part undanfarin fjögur ár. Verkunum hefur hann stillt upp í stofunni til að sýna einstaklingum áður en hann yfirgefur fósturjörðina.

Stórar andlitsmyndir, sem blasa við á einum stofuvegg, eru af síðustu sýningu sem hann hélt að Kjarvalsstöðum. Hann segir þær unnar upp úr fjölskyldualbumi.

„Þessar myndir urðu til sjálfar. Þær eru kópieraðar og síðan látið ráðast hvað yr verður. Eins og þú sérð þá eru sumar næstum ekkert unnar meðan aðrar eru alveg þaktar.“

Talið berst að því sem Jón er að fást við þessa stundina. New York / Portraits er eitt af því. Þau eru Íslendingar og Ameríkanar, vinir og kunningjar. Hann málár módelin fyrst og tekur síðan mynd af þeim. Þetta tengist performönum og videoböndum sem hann hefur unnið. Hann sýnir mér myndir af performans þar sem hann er íklæddur gullfötum og drekkur út-þynnta akrýlmálningu. Annars staðar eru myndir af mönnum í gullfötum sem standa undir gullfánum. Við hlið mannanna eru merki.

— Hvaða tákn eru þetta?

„Þetta eru fornorræn og keltnesk merki,“ segir Jón, „menn sem standa undir merki og líta upp til fánans, baðaðir gullnum ljóma. Merkin eru úr öllum tengslum við þessa menn. Og í stað þess að velja tákn, sem hafa einhverja vigt, þá valdi ég skreytingar af húsgögnum og öðru ámóta. Þannig að maðurinn stendur undir flaggi sem er ekki neitt neitt. Meiningarleysi og misskilningur þessara manna er aðalinntakið í þessu,“ segir Jón og hálfhlær. „Yfirlýsingar um myndir geta annars verið mjög varasamar og geta hreinlega slegið þær af. Þegar ég hélt sýninguna síðastliðinn vetur þá slysaðist út úr mér eitthvað um þjóðrembu og fasisma sem síðan var gert að yfirskrift sýningarinnar í blöðum. Þetta er hroðaleg einföldun.“

Heildarhugsun

— Þegar þú ert með sýningu eins og þá síðustu, er þá heildarhugsun í allri sýningunni?

„Já, ég lít á þetta sem eitt verk. Ég veit ekki hvort það verður þannig næst, hvort það verður eitt verk eða almenn sýning. En ég vinn yfirleitt í seríum og seríum sem haldast í hendur, þannig að þetta endar sem innstallation, eitt verk. Engu að síður er hver mynd sjálfstæð og stendur sem slík að sýningu lokinni.“

— Hver var aðal hugmyndin á bak við sýninguna?

„Þrjár myndir, „Clarification“, voru þungamiðja sýningarinnar sem allt hitt snerist um, — umbreyttir menn með englaásjónu. Yfirmyndirnar voru helgimyndir og pólitísk plaköt, þ.e. plaköt af stjórnmalaleiðtogum. Þetta tvennt liggur merkilega nærri hvort öðru. Myndirnar eru af mönnum sem helga sig ákveðinni hugsjón, það skiptir þá ekki máli hver hún er, bara að það sé eitthvað sem þeir fá að standa fyrir. Posi (Halldór B. Runólfsson) fer mjög nærri þessu í kútt sinni um sýninguna í Þjóðvildjunum þar sem hann segir: „Þeir eru ekki menn gjallarhorna heldur hljóðdeyfis. Þetta eru málalíðarnir, án föðurlands eða þjóðernis. Þeir fylgja hvaða hæstbjóðanda sem vera skal og vinna störf sín í kyrrþey, „hreint“ og „snyrtilega“ með Seikonákvæmni eins og segir í auglýsingunni. Ahoftandinn er m.ö.o. staddur í nútímalegu musteri teknókratofasismans.“

— Hver eru viðhorf þín til að selja úr seríum?

„Það eina sem skiptir mig máli er að ég geti sett upp sem eitt verk á sýningu, þá er ég búinn að afgreiða það gagnvart sjálfum mér og áhorfendum. Síðan mega myndirnar fara hver í sína áttina. auðvitað væri skemmtilegast að hafa þær saman í grúpu en það er augljóslega vita vonlaust. Það eru aðallega einstaklingar sem kaupa myndir og myndirnar mínar eru það stórar að það er vandkvæðum bundið að koma einni fyrir í venjulegri íbúð, hvað þá fleirum. Þannig að það dæmi gæti aldrei gengið upp.“

Stór

— Hvers vegna eru verkin svona stór?

„Það hrifur mig að vinna stórar myndir, fæ meiri útrás andlega sem líkamlega. Hins vegar vinn ég líka heilmikið af litlum myndum.“

Talið berst að efni og vinnu aðferðum.

— Er það mál hvaða vinnu aðferðir hann notar?

„Nei. Það er það ekki fyrir mér. Ég aðlaga mig ekki efninu heldur aðlaga ég efnið að mér. Ég hef unnið með málverk, ljósmyndir, video, performansa og skulptúr og mér finnst útkoman áþekk, þ.e. það fer ekkert á milli mála að það er sami maður sem hefur unnið þessi verk. Ég kem ekki til með að mála á fólk og taka myndir af því næstu tuttugu árin. Þessi aðferð hentaði þessu verkefni og kannski öðrum síðar meir. Ég veit ekki enn hvað verður. En það er ekki markmiðið að verða maðurinn með ljósmyndirnar,“ bætir Jón við. „Ég held að myndirnar yrðu ekkert ólíkar þótt ég málaði þær — þannig að ég held að minn karakter sem myndlistarmann breytist ekki við efnið. Eða ég vona ekki.“

— Eru New York / Portraits það sem þú ert að vinna við núna?

„Ég vinn ekki eina og eina mynd í einu heldur í seríum sem samanstanda af sex og upp í tuttugu myndum hver. Síðan er ég yfirleitt með 2–3 seríur í takinu í einu. Ég hef auk „New York-Portraits“ verið að vinna við kola-teikningar; blanda saman kolum og gullmálningu. Þar er ég að vinna út frá merkjum alþjóðlegra stórfyrirtækja. Svo er tiskuserían „Nighthawks“ eða Næturhaukar. Það eru vaxmyndir úr samkvæmislífinu, endurspeglun af New York, falletta fólkinu. New York snýst mjög mikið um ákveðið yfirborð, smartheit og spegla. Yfirborðið verður jafnvel sjálft inntakið. Það er viðfangsefni vaxmyndanna.“

Heimspæki

— Finnst þér myndlistarmaður þurfa að hafa einhverja fastmótaða heimspæki?

„Þetta er einstaklingsbundið. Við getum ekki tileinkað okkur eitthvað sem er okkur ekki eiginlegt. Sumir rúlla viðhorfum sínum fyrst upp á pappír og fara síðan að vinna. Því er öfugt farið með mig, ég vinn skoðanir mínar og viðhorf upp með myndunum, meðvitað og ómeðvitað. Ég er fyrst og fremst móttakari; kokkteill af áhrifum. Maður upplifir þetta og hitt. Síðan setur maður það frá sér aftur og þá er það litad þessum upplifunum. Ég er ekki fræðimaður, er allt of holdlegur og mikil tilfinningavera til þess. Til þess að fjalla um ákveðið viðfangsefni þá finnst mér ég þurfi að vera hluti af því, að ég þurfi að upplifa það. Myndirnar leiða mig jafnmikið og ég þær. Oft uppgötva ég á miðri leið hvað ég er að gera og reyni síðan að beina því inn á ákveðnar brautir. Þannig að þetta er allt mjög tilviljunarkennt fyrir mér. En ég hef ekki í hyggju, og kem ekki til með, að leggja fram einhverja filósófiu sem ég kem síðan til með að fullnægja í verkum.“

Sala

— Er ekki mikið stökk að koma frá New York hingað heim?

„Já og nei. Það er ekkert sem kemur mér á óvart hér heima, ég er jú hluti af þessu samfélagi, fremur en hinu. Ég veit að hverju ég geng. Það er miklu meiri gusa að koma til New York eftir rólegheitin hér og ég var lengi að kyngja því. en þetta eru óhemjugóðir kontrastar að búa við — gjörólíkir heimar og mjög stimulerandi að geta verið á báðum stöðum.“

— Það er kannski draumurinn?

„Já, en ég eygi þann möguleika ekki í augnablikinu. Ég hef ekki atvinnuleyfi í Bandaríkjunum þannig að manni eru allar bjargar bannaðar. Nema það að selja myndir. Við Hulda

höfum bæði selt samlega þarna úti en þó ekki svo vel að við lifum af því.“

— Hver jir kaupa?

„Einstaklingar og sjóðir. Til þess að lifa af þessu þyrfti maður að komast inn á sjóða- og einkasafnamarkaðinn, einstaklingar eru lítill hluti af þessum markaði. Bell-símafyrirtækið hefur lýst yfir áhuga á verkum Huldu og hefur haft samband við hana en við vitum ekki enn hvað kemur út úr því.“

Vinna

— Hvernig vinnurðu?

„Ég er að allan daginn en raunveruleg vinna er í skorpum. Ég lít á það sem vinnu að liggja afturábak og velta hlutunum fyrir mér. Þegar að raunverulegri vinnu kemur þá vinn ég frá því á kvöldin og fram á morgun þannig að minn svefntími er frá fimm á morgnana og fram undir hádegi. Það er sá tími sem mér finnst þægilegast að vinna. Þá verð ég ekki fyrir neinni utanaðkomandi truflun. Ég fer alveg úr sambandi ef síminn hringir eða einhver bankar og kemst ekki í gang fyrir en ég er óhultur í þessum skilningi.“

— En vinna og myndlist. Sumir segja að það sé ekki hægt að ná neinum árangri nema að stunda listina og ekkert annað?

„Ég er ekki alveg sammála því. Hins vegar mundi ég vera fyrsti maður til að grípa tækifærið að geta unnið eingöngu við myndlist. En ég held að það sé myndlistarmönnum mjög höllt að taka í aðra vinnu með og vera í tengslum við annað fólk en sjálfan sig til þess að verða ekki hrein fagidjót. Mér finnst þægilegt að hlaupta í aðra vinnu þar sem myndlist er ekki einu sinni til umræðu. Slíkt umhverfi gefur mér meira því ég er jú alltaf í hinu. Hins vegar eru myndlistarmenn mitt uppáhaldsfólk, frústrerað, fallett og skemmtilegt, en að hitta fólk með allt aðra lífsskoðun en ég, aðrar hugmyndir um tilveruna, gefur mér meira. Ég er jú afæta númer eitt, tvö og þrjú.“

— Og áfram?

„Það virðist tilfellið að myndlistarmenn vinna sín bestu verk í baslinu, kannski er það aldurrinn, — það er ekkert gott að segja. Þeir fara af stað í ákveðinni uppreisn en „establisera“ með tímanum. Þeir ná ekki almenningu heldur almenningu þeim. Þá verða þeir rjódír í kinnung og hamingjusamir og fara að verja sína stofnun. Þetta er eins og saga íslenskra flokka; þeir fara af stað sem umbótasinnar en þegar þeir eru búnir að festa sig í sessi þá fara þeir í mark. Svo er spurning hvort ég verð ekki eins og allir hinir,“ bætir Jón við eftir dálitla umhugsun.

„En þegar þú ert í baslinu þá heldur það þér hungurðum. Og ég held að menn verði að vera dálítið blóðþyrstir til að vera í þessu.“

Barátta

— Verður myndlistarmaður ekki að hafa mikla trú á sér?

„Það fer eftir því hver maður er, við hvaða samfélag maður er að fást. Hér heima mála allir og hvaða gúbba sem er heldur sýningu. Það þarf engan kjark til þess. Erlendis, víðast hvar, er þetta meiri barátta. Maður verður að vera mjög óforskammaður og frekur að ota sínum tota — hringja í menn, senda myndir, fá viðtöl við hina og þessa. Til þessa þarf þónokkurt sjálfs-traust og maður gerir þetta ekki nema að hafa trú á sjálfum sér.“

Þetta hefur sína vankanta, margir góðir menn verða undir, en ég held að þetta sé þó skárra en jarðýtustarfsemi hér heima.“

— En þú hefur hugsað þér að taka þátt í þessum slag úti?

„Já, svona í einhverntíma, meðan maður nennir. Það er jú engu að tapa.“

— Nú eru mismunandi skólar í Evrópu og Bandaríkjunum?

„Ég þekki ekki skóla í Evrópu, ekki nema þegar ég hef farið út sem túristi, sem segir ekkert, þannig að ég er ekki dómbær á það. Það sem vakti fyrir mér þegar ég valdi New York var að þegar maður fer í myndlist, tónlist eða leiklist þá hlýtur umhverfið að vera helmingur af náminu. Það voru tvær borgir sem ég hafði áhuga á: Berlín og New York. Ég hef aldrei lært þýsku svo ég fór til New York. Enda held ég að það skipti ekki máli á hvorum staðnum maður er. Listalíf er þar sem fjármagn er til staðar, og það er tilfellið með borg eins og New York að ef eitthvað gott er að gerast einhvers staðar í heiminum þá er það keypt og sett upp, þannig að ég held að maður fái nokkuð góða yfirsýn yfir það sem er að gerast.“

— Jón bætir við:

„Við tölum um ítalska málverkið. Ítölsku málarnir hafa verið búsettir í New York frá '70. Þeir yrðu jarðaðir færu þeir suður fyrir Milánó.“

Stofnur

— Í framhaldi af þessu:

„Það eru gagnrýnendur og tímarit sem ákveða hvað verður ofan á í myndlist, hvort sem okkur líkar betur eða verr; myndlistarmenn eru ekki móttandi lengur heldur fylgjendur geðþottaákvörðunum utanaðkomandi aðila. Þegar myndlistarstefna hefur verið dómnerandi í 10 ár fer gagnrýnendum og gallerium að leiðast; ekkert til að skrifa um og salan minnk- ar. Hlutirnir eru stöpp og það er komið botnfall í hugsjónina. Í fyrria var stór ráðstefna gagnrýnenda í New York. Þar voru umræður á mörgum panelum og eitt viðfangsefni var: „Hvað á að leggja áherslu á fyrir næstu fimm ár?“ Gagnrýnendur eru móttandi. Þeir segja okkur hvað er „inn“ og við dönsu- med því okkar viðmiðun er það sem er